

Lög

um breytingu á lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, með síðari breytingum (lækkun iðgjalds).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 5. gr. b laganna:

- a. Í stað orðanna „0,225% á ári af öllum innstæðum“ kemur: 0,02% á ári af öllum innstæðum upp að 10 milljörðum kr. en 0,16% af innstæðum umfram það.
- b. Í stað orðanna „0,05625% á ársfjórðungslegum gjalddaga“ kemur: 0,005% af innstæðum upp að 10 milljörðum kr. en 0,04% af innstæðum þar umfram á ársfjórðungslegum gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2019 og koma til framkvæmda við greiðslu iðgjalds á gjalddaga 1. september 2019.

Samþykkt á Alþingi 18. júní 2019.